


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>BFR1012</b> <b>Kennsluáætlun haust 2013</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Ragnheiður Þórsdóttir – ragga@vma.is	<b>Sk.st.</b>	RÞÓ
----------------	--------------------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Nemendur læra undirstöðuatriði í bindifræði s.s. að lesa og teikna vefnaðarmunstur, læra útreikninga fyrir uppistöðu og að vinna uppskrift fyrir vefnað frá grunni. Nemendur læra að teikna upp vefnaðar- eða bindimunstur af grunnbindingunum þremur einskeftu, vaðmáli og ormeldúk. Nemendur fá að kynast vefnaðarforritinu “Weavepoint” og læra að tileinka sér það í framhaldsáföngum í vefnaði.

### Áfangamarkmið:

- að nemendur læri undirstöðu í bindifræði s.s. lesa vefnaðarmynstur, teikna vefnaðarmynstur, útreikninga fyrir uppsetningu og vinna uppskrift frá grunni.
- að nemendur læri að teikna upp bindimunstur af grunnbindingunum þremur þ.e. einskeftu, vaðmál og ormeldúk. Einnig verður farið í samsettar bindingar.
- Að nemendur kynnist vefnaðarforritinu “Weavepoint” og læri að notfæra sér það í hærri vefnaðaráföngum

### Skipulag annarinnar:

35. vika. Kynning á áfanganum og afhent kennsluáætlun.

**Heimavinna:** Kaupa og útvega skissubók, rúðustrikuð blöð, skæri, blýhant, penna og liti.

36. vika. Kynning á ýmsum vefnaðaraðferðum í máli og myndum. Að lesa vef.

**Heimavinna:** Finna til myndir í kringum ykkur sem tengjast vefnaði á einn eða annan hátt!

37. vika. Mynstur teiknuð og rakin á rúðustrikað blað. Kynning á forritinu Weave point.

**Heimavinna:** Vinna í að skissa vefnaðarmynstur.

38. vika. Útreikningar fyrir fyrir uppistöðu, slönguútreikningar og efnispörf reiknuð í uppistöðu og ívaf. **Heimavinna:** Útreikningar á uppistöðu. 1. verkefni.

39. vika. Útreikningar fyrir fyrir uppistöðu, slönguútreikningar og efnispörf reiknuð í uppistöðu og ívaf. **Heimavinna:** Útreikningar á slöngu og efnispörf.


40. vika. Grunnbindingar, Einskefta. 2. verkefni. **Heimavinna:** Æfingar í weavepoint, gerðar eru nokkur afbrigði af einskeftu t.d. brekán og jafi.

41. vika. Grunnbindingar, vaðmál. **Heimavinna:** Æfingar í weavepoint þar sem nemendur vinna a.m.k átta afbrigði af vaðmáli á 4, 6, 8, og 10 sköft og skammel.

42. vika. Grunnbindingar, ormeldúkur en nemendur vinna ca þrjár tillögur af ormeldúk, ýmist á fimm sköft og skammel eða fleiri. 3. verkefni. **Heimavinna:** Æfingar í weavepoint.

43. - 44. vika. 4. verkefni. Salún, hannað er kaflamunstur og inndráttsmunstur.

**Heimavinna:** Æfingar í weavepoint.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>BFR1012</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun haust 2013</b>	

45. - 46. vika. Daladregill unninn bæði út frá kaflamunstri og inndráttsmunstri. 5. verkefni.  
**Heimavinna:** Æfingar í weavepoint.

47. - 48. vika. Samsettar bindingar, ívafsbrekán, þráðabrekán og fleiri eins og tími leifir.  
**Heimavinna:** Æfingar í weavepoint.

49. vika. Frágangur á möppu og skil í samráði við kennara.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefnavinna og mappa	Æfingar í weavepoint, bindimunstur og útreikningar. Símat's áfangi, öll vinna nemenda metin til einkunnar.	60 %
5 kannanir á önn	Skriflegar kannanir	30 %
Ástundun	Vinna í tímum og mætingar	10 %

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Bindifræði, ýmsar vefnaðarbækur sem til eru á bókasafni VMA og í vefstofu.
Tímarit	Vefnaðartímarit – staðsett í vefstofu
Annað	Kennsluhefti eftir kennara, á vef eða á skrifstofu

### Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 3 stig eða 3 kennslustundir. Ef fjarvistir verða fleiri þurfa nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar,

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils